

Alþingi
Erindi nr. P 127/582
komudagur 8.1.2002

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á útvarpslögum, nr 53/2000
Þingskj.138 - 138. mál.

Bandalagi íslenskra listamanna hefur borist til umsagnar frumvarp til útvarpslaga, 138. mál, stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins o.fl., flm.: Pétur H. Blöndal.

Bandalagið getur ekki mælt með samþykki frumvarpsins, þar sem það er

álit stjórnar BÍL að fyrir því séu menningarlegar forsendur að Ríkisútvarpið

sé í þjóðareign. Slíkt rekstrarform þjónar að mati stjórnar best því markmiði að veita landsmönnum jafnan aðgang að fræðandi og gagnrýnni umræðu

um þjóðfélagsmál, vísindi, menningu og listir og færa þeim heim í stofu vandaða dagskrárgerð, þar sem fjölbreytt íslensk listsköpun er í fyrirrúmi.

F.h. stjórnar BÍL,
Tinna Gunnlaugsdóttir, forseti